

Áskorun stjórnar Nökkva til bæjarstjórnar Akureyrar.

Siglingaklúbburinn Nökkvi fer fram að það að meirihluti bæjarstjórnar Akureyrar standi við gerðan samning um uppbyggingu Nökkva frá 2014. Við minnum á að núverandi meirihluti tók fram fyrir hendur klúbbsins 2016, en þá stóð til að reisa fyrsta áfanga svokallaðs bátahúss, og lét teikna nýtt og margfalt dýrara hús sem átti að hefja byggingu á sl haust 2018. Öll ábyrgðin liggur hjá núverandi meirihluta og ekki er hægt að bíða lengur eftir framkvæmdum sem áttu að hefjast sl. haust þegar fjárveitingar til verksins gufuðu upp. Aðstaða klúbbsins var óviðunandi þegar árið 2010, þá er klúbburinn hóf baráttu sína fyrir uppbyggingu, hvað þá núna, næstum áratug seinna, með sama gamla kofann, skelfilega bað- og snyrti aðstöðu fyrir hundruð barna Akureyrar og búnaðinn okkar dreifðan á Höepfnars svæðinu óvarinn fyrir veðri og vindum. Stjórn Nökkva skorar á meirihlutann að axla sína ábyrgð og klára uppbyggingu siglingaklúbbsins við Pollinn á nýju uppfyllingunni sem tilbúin var til notkunar og framkvæmda 2018.

Akureyri 12. September 2019.

Fyrir hönd stjórnar Nökkva.

Rúnar Þór Björnsson formaður



Tryggvi Jóhann Heimisson varaformaður.

